

66. kirkjuþing 2024-2025

4. mál – þskj. 4a

## T I L L A G A

### að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 8/2021-2022.

Flm: Arna Grétarsdóttir, Guðni Már Harðarson,  
Stefán Már Gunnlaugsson og Axel Árnason Njarðvík.

#### 1. gr.

- Við 3. gr. starfsreglnanna bætist c liður sem hljóðar svo:  
c. prestur eða djákni er látið hefur af störfum tímabundið eða vegna aldurs, er skráður í íslensku þjóðkirkjuna og skráir sig á kjörskrá með rafrænum skilríkjum.
- Ný 2. mgr. hljóðar svo:  
Kosningaréttur fylgir kjördæmaskipan, sbr. 2. gr. og miðast við lögheimili á Íslandi eins og það er skráð 1. apríl það ár er kosning fer fram.
- Númer eftirfarandi mgr. 3. gr. breytist samsvarandi.

#### 2. gr.

- Við 4. gr. starfsreglnanna bætist við nýr c liður sem hljóðar svo:  
c. leikmaður sem skráir sig á kjörskrá með rafrænum skilríkjum, er skírður og skráður í íslensku þjóðkirkjuna og hefur náð 16 ára aldri 1. apríl það ár er kosning fer fram.
- Ný 2. mgr. hljóðar svo:  
Kosningarréttur fylgir kjördæmaskipan, sbr. 2. gr. og miðast við lögheimili á Íslandi eins og það er skráð 1. apríl það ár er kosning fer fram.
- Númer eftirfarandi mgr. 4. gr. breytist samsvarandi.

#### 3. gr.

5. gr. fellur brott. Númer greina breytist samsvarandi.

#### 4. gr.

Við 7. gr. lið a bætast orðin: stafliðum a og b.

#### 5. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.

## Greinargerð.

Ný þjóðkirkjulög, sem tóku gildi 1. júlí 2021, gera ráð fyrir auknu vægi kirkjuþings er varðar fjárstjórnarvald. Árið 2021 lögðu kirkjuþingsfulltrúarnir Arna Grétarsdóttir, Axel Njarðvík Árnason, Guðrún Karls Helgudóttir, Hreinn Hákonarson og Skúli S. Ólafsson fram mál fyrir kirkjuþing er laut að því að hver leikmaður sem skráður væri í íslensku þjóðkirkjuna 18 ára og eldri skyldi öðlast rétt til kosninga til kirkjuþings og að kosningaréttur skyldi fylgja kjördæmaskipan. Málið fékk ekki framgang en lítið skref var stigið í þá átt að fjölga leikmönnum þeim er kjósa mættu um allt að 15 í hverju prestakalli og sóknarnefndir skyldu velja þá einstaklinga sem kosningaréttinn hlytu.

Flutningsfólki finnst tímabært að taka næstu skref í átt til beins og aukins lýðræðis í þjóðkirkjunni. Stefnumótandi ákvarðanir kirkjuþings hafa í gegnum fjárheimilir mikið að segja um það hvernig kirkjan þróast á næstu árum. Í þjóðkirkjulögunum frá árinu 2021 er kveðið á um að grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis í starfsháttum þjóðkirkjunnar séu haldnar í heiðri sbr. 4. gr. Stefnumótun biskups Íslands í samstarfi við kirkjuþing mun leiða kirkju í sókn sem þjónar fólkinu í landinu í gleði og sorg af alúð með skýrri sýn og stefnufestu. Aukin þátttaka kirkjufólks ásamt meðvitund um lýðræðisleg áhrif er mikilvæg þjóðkirkjunni svo eðlileg endurnýjun og fjölbreyttur hópur kirkjufólks myndi ákvarðanateymi til þjónustu við landsmenn. Í tillögu þessari er gert ráð fyrir að bæði vígðir og óvígðir sem skráðir eru í þjóðkirkjuna og eru skírðir og náð hafa 16 ára aldri og ekki gegna vígðri eða óvígðri þjónustu geti skráð sig á kjörskrá og þar með hlotið kosningarétt. Tillaga þessi nær ekki til kjörgengis og ekki til annarra kosninga í þjóðkirkjunni en það gæti hugsanlega verið það skref sem hægt væri að horfa til er reynsla mótast af þessu skrefi. Í þessu ljósi þykir rétt að breyta bæði 3. gr. og 4. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings á þann veg að öll þau sem það vilja, eru skráð í þjóðkirkjuna, skírð, hafa náð 16 ára aldri og skrá sig á kjörskrá fái kosningarétt til kirkjuþings. Ekki þykir rétt að þrengja að svo sjálfsögðum og lýðræðislegum rétti sem kosningaréttur er og því eru teknar út þær útilokanir á leikmönnum og vígðum sem finnast í núgildandi starfsreglum. Nú eru það aðeins sóknarnefndir auk örfárra valinna fulltrúa sem hafa kosningarrétt ásamt starfandi prestum og djáknum. Þykir rétt að efla grasrót kirkjunnar með þeim hætti að allir skráðir félagar í þjóðkirkjunni fái að njóta þeirra sjálfsögðu réttinda að kjósa fulltrúa til setu á kirkjuþingi innan þess kjördæmis sem fólk hefur lögheimili og hverfa þar með frá tveggja og þriggja þrepa fulltrúalýðræði. Rétt þykir einnig að miða við 16 ára aldur til að auka og styðja við þátttöku og meðvitund ungs fólks til áhrifa í kirkjunni.

Um árabíl hefur umræða um almenna kosningu til kirkjuþings sem og kosningu til biskupa og vígslubiskupa átt sér stað á vettvangi kirkjuþings og í greinaskrifum á opinberum vettvangi. Á kirkjuþingi árið 2017 voru starfsreglur um kjör til kirkjuþings endurskoðaðar og þær breytingar sem gerðar voru þá, tóku ekki til þeirra breytinga sem hér er lagt til. Þá var komið á samræmi kjörgengis og kosningaréttar vígðra. Þjóðkirkjuaðild, skírn og 18 ára aldursmörk kjörgengra leikra var sett inn en kosningaréttur var bundinn við setu í sóknarnefnd. Þá var og komið á rafrænni kosningu til kirkjuþings.

Á kirkjuþingi árið 2021 var reglunum breytt og kosningaréttur vígðra, starfsmanna kirkjuþings og biskupsstofu og kennara við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands afnuminn. Sú þróun að skerða kosningarétt í lýðræðissamfélagi þykir ekki skynsamleg því vera má að einmitt hjá þeim einstaklingum liggi yfirgripsmikil þekking og innsýn inn í kirkjuskipan, kirkjurétt, trúfræði og biblíufræði sem eru mikilvægar stoðir hvernar kirkju.

Kosning leikmanna til kirkjuþings gerir ráð fyrir tveimur til þremur milliliðum fulltrúalýðræðis þ.e. þjóðkirkjufólk kýs í sóknarnefndir og sóknarnefndarfólk kýs til kirkjuþings og þriðji liðurinn það fólk sem sóknarnefndarfólk velur til að halda atkvæði. Þá þykir skjóta skökku við að leikmenn geti verið kjörgengir en njóti ekki kosningaréttar. Úr því er bætt í tillögu þessari. Beint lýðræði veitir almennu þjóðkirkjufólki sem áhuga hefur á að hafa áhrif með atkvæði sínu, getur aukið áhuga á stórum og mikilvægum málefnum kirkjunnar og virkjað fólk til frekari þátttöku. Telja flytjendur að í nútíma samfélagi liggi aukin tækifæri til samtals og samskipta við kirkjufólk og að eitt verkfærið til þess samtals sé að treysta öllum félögum þjóðkirkjunnar yfir 16 ára til að fara með kosningarétt til kirkjuþings.

Tæknileg útfærsla á rafrænni skráningu á kjörskrá er ekki hindrun þar sem starfsreglurnar gera nú þegar ráð fyrir rafrænni kosningu og tæknilegir innviðir því til staðar. Þjóðkirkjan kaupir aðgang að félagatali sínu nú þegar hjá þjóðskrá og því ætti tæknileg útfærsla ekki að þvælast fyrir í nútímanum.

Óverulegur kostnaður gæti falist í að samkeyra skráningar kirkjufólks á kjörskrá við félagatal þjóðkirkjunnar.